

Textílmennt 6. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

6

Skólaárið

2025 - 2026.

Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur nýta nemendur áunna þekkingu í prjóni og prjóna einfalda húfu, eyrnaband eða trefil. Lögð er rík áhersla á persónulega útfærslu og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur koma með nokkrar hugmyndir sem þeir vilja útfæra og velja síðan eina sem þeir framkvæma. Þeir nemendur sem ná að ljúka við verkefnið fyrir lotuskipti fá að vinna aukaverkefni að eigin vali. Kennsla fer fram með innlögnum í upphafi hverrar lotu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í fjórum hópum og fær hver nemandi tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins. Þeir nemendur sem treysta sér ekki í að prjóna fá annað verkefni í samráði við kennara.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi umsögn.

Námsgögn

Glærukynning, bækur, blöð, leiðbeiningar, hringprjónar, sokkaprjónar, Álafosslopi, prjónagarn, java nál, skæri og annað sem fellur til við vinnuna.